

Sb.

581. Tillaga til þingsályktunar

um auknar varnir gegn bílslysum.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast nú þegar handa um öruggar varnir gegn ógætilegum bifreiðaakstri.

Greinargerð.

Hér á landi og einkum í Reykjavík er mikið um bifreiðaslys. Úr þessu mætti bæta, ef röggssamlega væri á málunum haldið. Í Reykjavík mun nú vera meiri bílaeign en dæmi munu vera til í bæjum, sem eru ekki mannfleiri. Hins vegar eru götur bæjarins þröngar og illa lagaðar fyrir bifreiðaakstur. Nálega allir þjóðvegir hér á landi eru þröngir og óhentugir fyrir mikla bílaumferð, nema ekið sé með gætni. Ofan á þetta bætist svo, að gatan er aðalleikvöllur barna í Reykjavík, þegar þau eru ekki innanhúss. Börnum höfuðstaðarins er ekki ætlað annað athafnasvið undir heru lofti en gatan.

Flestir íslenskir bílstjórar eru vaskir menn, úrræðagóðir og hjálpsamir. En í svo fjölmennum hóp fljóta vitaskuld með ógætnir menn og illa vandir. Frá þessum mönnum stafar voðinn, enda sanna slysin, hvílika þjóðarhættu leiðir af kæruleysi í bílaakstri. Óhætt er að fullyrða, að nálega öll árekstrarslys stafa af því, að of hart er ekið. Það er skylda ríkisvaldsins og lögreglunnar að ákveða ökuhraðann eftir ástandi gatna og vega, aðstöðu barna á götunni og umferð gangandi manna. Eftir að ökuhraðinn er ákveðinn, þarf að framfylgja reglunni. Best væri, að lögreglan gæti sektað strax á götunni fyrir minni háttar umferðarbrot. Annars ætti svipting ökuleyfis um nokkurra missira eða ára bil að vera algengasta hegning fyrir of hraðan akstur. Sérstaklega mundi slík refsing venja unga bílstjóra á nauðsynlega gætni við akstur. Ef ekki verður af Alþingi og stjórnarvöldunum ráðið vel fram úr þessu máli, munu hin sorglegu barnavíg halda áfram, umferðarslysin margfaldast og verða óafmáanlegur blettur á menningu þjóðarinnar.